

Viðmið um verkefni og verkaskiptingu milli deilda og SFÍ í tengslum við landsmót SFÍ (samþykkt á aðalfundi 2017)

Smalahundafélag Íslands (SFÍ) og sú deild sem heldur mótið hverju sinni skulu hafa samráð um skipulagningu mótsins, að auglýsa mótið og koma úrslitunum á framfæri að móti loknu. SFÍ er ábyrgt fyrir að útvega dómara fyrir landsmót og semur um og greiðir laun hans. SFÍ sér um að bóka og borga flug fyrir dómara og gistingu í tengslum við komu/brottför hans til/frá Íslandi komi til þess. SFÍ sér um að borga kostnað sem fellur til vegna verðlaunagripa. Að auki borgar SFÍ styrk til þeirrar deildar sem tekur að sér að halda mótið. Upphæðin skal ákveðin á aðalfundi fyrir mót og sé ekki um hana fjallað á aðalfundi skal gera ráð fyrir að hún sé sú sama og árið þar á undan.

SFÍ og deildin finna saman út úr því hvernig er best að koma dómaranum frá flugvellingum á mótsstað hverju sinni og til baka.

Deildin sér alfarið um framkvæmd mótsins, svo sem að útvega fé, keppnisvöll, mannskap og tæki til að sjá um sleppingar og tekur á sig þann kostnað sem fellur til vegna þessa. Deildin sér um uppihald dómara eftir að hann er kominn á mótsstað, bæði fæði og gistingu. Deildirnar sjá um að útvega verðlaun fyrir landskeppni og kalla eftir farandbikurum. Deildin sér jafnframt um að sjá til þess að farandbikararnir fari í merkingu.

Óski deildirnar eftir því skal SFÍ kanna áhuga dómara á að halda námskeið samhliða keppninni sem deildirnar sjá þá um. Deildin stendur straum af kostnaði við námskeiðið og fær jafnframt allar tekjur af þátttökugjöldum.

Samhliða landskeppnum skal SFÍ undirbúa ROM (Registration on Merit) vinnupróf í samstarfi við ISDS og auglýsa þau til félagsmanna með hæfilegum fyrirvara.

Samhliða landskeppnum skal SFÍ einnig undirbúa og auglýsa aðalfund félagsins.